



## Stjórnarfundur SKÍ

Miðvikudagur 15. október 2025 / kl. 15.30 / Rafrænn fundur

- Efni fundarins:** Stjórnarfundur SKÍ
- Fundarstjóri:** Sigurður Hauksson (framkvæmdastjóri).
- Fundarritari:** Hugrún Elvarsdóttir.
- Þátttakendur:** Gísli Reynisson formaður, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftndar, Aðalsteinn Valdimarsson formaður snjóþrettaneftndar, Veronika Lagun formaður skíðaskotfimineftndar, Ólafur H. Björnsson formaður skíðagönguneftndar, Hugrún Elvarsdóttir, Fjalar Úlfarsson, Ásgerður Þorleifsdóttir og Sigurður Hauksson framkvæmdastjóri.
- Fjarverandi:** N/A.

Fundur settur kl. 15.30.

### Fundardagskrá:

1. Fundargerð, fundur 1679
2. Skipta niður verkefnum innan stjórnar
3. Fundartímar
4. Önnur mál

### Fundargerð:

1. Fundargerð, fundur 1679
  - Samþykkt samhljóða af stjórnarmeðlimum.
2. Skipta niður verkefnum innan stjórnar
  - Starf gjaldkera, ritara og varaformanns laust.
    - Ásgerður Þorleifsdóttir, býður sig fram í starf gjaldkera.
    - Hugrún Elvarsdóttir og Fjalar Úlfarsson bjóða sig bæði fram í varaformannssætið.
    - Ákveðið að Fjalar verði varaformaður og Hugrún áfram ritari.
3. Fundartímar
  - Lagt til að reyna að hafa fundina styttri, klára málin á klukkustunda fundi milli kl. 15.30-16.30 annan fimmtudag hvers mánaðar, tókum svo stöðuna í framhaldi. Stjórn fundar oftast eftir þörfum.
4. Önnur mál
  - Varamaður í ritaraembætti: Formaður alpagreinaneftndar bendir á mikilvægi þess að hafa varamann í ritaraembættinu og aðrir stjórnarmeðlimir taka undir það. Erfitt fyrir framkvæmdastjóra sem stýrir fundum t.d. að stíga inn störf ritara ef

þarf. Formaður SKÍ býður sig fram í það hlutverk og þá er skýrt hver tekur við keflinu ef ritari kemst ekki.

- Samþykktir fundargerða: Formaður SKÍ leggur til að fundartími stjórnar sé vel nýttur og að fundargerðir séu sendar út á milli funda til rafrænnar undirritunar í stað þess að það fari tími í það í byrjun stjórnarfunda að samþykkja fundargerð. Samþykkt af stjórnarmeðlimum.
- Störf nefnda: Formenn nefnda kynna sín störf.
- Skíðabíng: Gjaldkeri SKÍ veltir því upp hvort að mögulega ætti að færa skíðabíng aftur að vori svo að ný stjórn hafi meira að segja um ákvarðanatöku varðandi starfið á næstkomandi vetri. Oft er verið að taka ákvarðanir og halda mikilvæga haustfundi, sbr. athugasemd frá formanni skíðagöngunefndar, rétt áður en ný stjórn tekur til starfa. Mikilvægt sé að nýr formaður og aðrir stjórnarmenn sitji þá fundi og ráðstefnur. Stjórnarmeðlimir taka undir mikilvægi þess að færa þingið m.t.t. þessara atriða.

Fundi slitið kl. 15.50 og næsti fundur er fimmtudaginn 13. nóvember

*Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð.*